

AUGLÝSING

um friðlýsingu Árnahellis í Leitahrauni.

Að tillögu Náttúruverndar ríkisins og Hellarannsóknafélags Ísland og með samþykki sveitarstjórnar Ölfus hefur umhverfissráðherra ákveðið að friðlýsa hraunhellinn Árnahelli í Leitahrauni sem náttúruvætti í samræmi við 2. tl., 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda hellinn og einstæðar jarðmyndanir sem í hellinum eru. Hellirinn er í flokki örfárra hella á jörðinni sem skarta jafn glæsilegum og ósnortnum hraunmyndunum og er náttúrufrýrbær á heimsvísu.

Mörk náttúruvættisins eru hellirinn sjálfur og það land sem yfir honum er, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, og markast af eftirfarandi hnitum skv. ISN93:

1: 377125,0000 380048,0000	2: 377325,0000 380048,0000
3: 377325,0000 379648,0000	4: 377125,0000 379648,0000

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask innan friðlýsta svæðisins, yfir hellinum og í næsta nágrenni hans er óheimil.
2. Umferð um hellinn er eingöngu heimil með sérstöku leyfi Náttúruverndar ríkisins eða þess sem hefur umsjón með náttúruvættinu í umboði stofnunarinnar.
3. Náttúruvernd ríkisins eða umsjónaraðila hellisins er heimilt að innheimta þjónustugjald fyrir veitta þjónustu, svo sem fyrir leiðsögn um hellinn og skal því varið til eftirlits og verndunaraðgerða við hellinn.
4. Heimilt er að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir umferð í leyfisleysi.
5. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umsjónaraðila með samþykki Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins getur falið lögaðila umsjón með náttúruvættinu og um hana skal gerður sérstakur samningur sem umhverfissráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Friðlýsingin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfissráðuneytinu, 25. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.

Fylgiskjal.

